

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Árni Stefánsson, Hörður Oddfríðarson Ritari og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri

Afboða, mæta ekki :

Fundur 04.02 2025 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. RIG var haldið í Laugardalslaug daganna 24-26. Janúar. Mótið gekk alveg svakalega vel og enn og aftur voru sett ný viðmið í umgjörð móta hvað varðar upplifun allra sem að mótinu koma. Grafík á skjám, lýsing og annað var eins og best gerist á stórmótum erlendis. Á mótinu voru um 300 keppendur og þar af 100 erlendis frá. Stjórn SSÍ vill þakka sundféluginu Ægi fyrir samstarfið á mótinu sem var mjög gott. Umræða var tekin um mótið. Beðið er eftir uppgjöri frá mótinu. Almenn ánægja með Swimify kerfið meðal þjálfara, sundmanna og dómara.
- b. Þriggja ára samstarfssamningi sundfélagsins Ægis og SSÍ vegna RIG er lauk með síðasta móti. Mótið eru nú opið til umsókna á mótaskrá SSÍ ár hvert.
- c. Mikið hefur gengið á í höfðuðstöðvum ÍSÍ vegna væntanlegrar úthlutunar á aukafjárveitingu ríkisins til afrekssjóðs að upphæð 637 m.kr. Margir fundir hafa verið haldnir og bréf send á skrifstofu ÍSÍ. Við hjá SSÍ höfum ekki látið okkar eftir liggja í að láta rödd okkar heyrast. Búið var við að þessari aukafjárveiting yrði gerð opinber í lok síðustu viku en nýjust fréttir herma að það verði ekki tilkynnt fyrir en í þessari viku. Á meðan bíða sérsamböndin í mikilli óvissu um hvernig hægt verður að haga afreksstarfi næstu misseri.
- d. Ritari sótti fund hjá menningar og íþróttaráði Reykjavíkur til að koma á framfæri okkar punktum varðandi aðstöðumál sundíþróttarinnar í Reykjavík. Ritari gerði grein fyrir fundinum.
- e. Yfirþjálfarafundur var haldin í hádegishléi á laugardeginum á RIG. Farið var yfir punkta og glærur af fundinum. Rætt var m.a. um SMÍ, Bikar og þáttöku okkar í alþjóðamótum.
- f. Farið var yfir svar frá forsvarsfólki Laugardalslaugar vegna fyrirhugaðrar lokunar á innilauginni í sumar.
- g. Sundþing verður haldið laugardaginn 29. mars. Fyrsta fundarboð hefur verið sent út. Formaður fór yfir þingið í grófum dráttum og mun útdeila verkefnum á stjórnarfólk fyrir fundinn. Kosið verður um 4 stjórnarsæti á þinginu auk sæti formanns. Núverandi formaður hyggst bjóða sig fram aftur auk þriggja stjórnarmanna. Óskað hefur verið eftir framboðum í þessar stöður. Stefnt að að því öll þinggögn og kynningar sem taka farið verður yfir á þinginu verði tilbúið eigi síðar en 15. mars. Næsti stjórnarfundur þann 4. mars verður að stórum hluta helgaður undirbúningi fyrir þingið. Stjórn mun koma með nokkrar breytingatillögur á lögum og reglum og móta nýja tillögu að þjónustugjöldum en vinna fer nú fram um að afla gagna frá nágrannapjóðum okkur hvernig þessum málum er háttað hjá þeim.

3. Afreksmál

- Farið var yfir kynningar frá fræðslu og æfingadegi landsliðshópa frá 18. janúar. Næstu verkefni eru þessi:
- Æfingabúðir Landsliðshópa SSÍ á Tenerife 31.jan til 9.feb. Föstudaginn eftir RIG förum við í æfingabúðir með 23 einstaklinga úr landsliðshópunum. Æfingabúðirnar verða með svipuðu formi og í fyrra. Eyleifur mun stýra verkefninu og verður yfirþjálfari í ferðinni, tveir félagsþjálfarar koma með, þeir Dadó Fenrir frá SH og Riccardo frá Breiðablik. Einnig mun Númi Snær koma með aftur og sjá um landþjálfun fyrir hópinn. Markmiðið er að hafa fund með þjálfara teyminu um miðja næstu viku til að klára skipulag, en það verður aðeins snúnara núna, þar sem við munum taka sérhæfðan sprett hóp með í ferðina.
- Ólympíudagar Evrópu dagar Æskunnar fer fram seint í júlí mánuði. Það var fyrirhugað að taka þátt, en eftir að hugsa það betur og ræða við hinar norðurlanda þjóðirnar, teljum við best að sleppa því móti.
- Verkefni framundan sem við erum að vinna í
 - Snæfríður Sól mun taka þátt í háfjallaæfingabúðum með sænska landsliðinu í 18 daga, hún ferðast til Tyrklands 21.jan. Eftir þessa 18 daga mun hún halda áfram og taka 12 daga með Álaborg í Tyrklandi.
 - Taastrup Open 8. – 12 maí (búið að panta hótél og flug)
 - Smáþjóðaleikar 27-31.maí, verið að skoða möguleika á pre camp fyrir mót í Andorra frá 21.maí til að aðlagast 1100m hæð.
 - EMU23 og EMU18 í Slóvakíu
 - NÆM í Færeyjum
 - Vinna að ósk félaga um sameiginlegt B-landsliðsverkefni fyrstu helgina í júlí
 - Ísland vs. Færeyjar fyrir Framtíðarhóp í staðin fyrir æfingahelgina í september

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Gjaldkerfi fór yfir fundargerð 129 fundar dómara nefndar.

5. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
28.01.2025	Þátttaka í Olympíu - Auglýsing	ÍSÍ
03.02.2025	Vegna Stef gjalda	ÍSÍ
03.02.2025	Ályktun framkvæmdarstjórnar ÍSÍ vegna umræðu um ofbeldi / ÍSÍ	ÍSÍ
03.02.2025	Fræðsluefni fyrir erlenda þjálfara	ÍSÍ
04.02.2025	Aðalfundur Ránar	Stjórn Ránar

6. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Dröfn E Árnadóttir	UMFA	Ægir	02.02.2025	01.03.2025
Lára Björk Elvarsdóttir	UMFA	Ægir	29.01.2025	27.02.2025
Þórdís Lilja Arnórsdóttir	UMFA	Ægir	03.02.2025	02.03.2025

7. Staðfesting meta / afreka

Engin met



8. Önnur mál:

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.00